

5. fundur stjórnar
Starfsárið 2019-2020
13. júní 2019

Mætt: Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Unnsteinn Jóhannsson, Rúnar Þórir Ingólfsson, Sigurður Júlíus Guðmundsson

Ritari: Unnsteinn Jóhannsson
Fundur settur: 19.30

1. Samþykkt síðustu fundargerðar

Stjórn les yfir fundargerð í sameiningu og er hún samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum.

2. Heimsókn frá Benedikt - Að eldast hinsegin

Benedikt fer yfir sögu verkefnisins “Að eldast hinsegin” sem hófst árið 2016. Á því ári var stofnaður vinnuhópur sem leiddi til þess að Benedikt og Sírý Sif hafa verið að sanka að sér ýmisskonar gögnum og vísu. Þar á meðal hafa þau fengið hugmyndir frá Kanada, Finnlandi og Hollandi. SETA í Finnlandi er með nokkuð sterkt starf með eldra hinsegin fólki en hafa þau byggt sína vinnu á hollenskri aðferðafræði. Hún kallast Pink passway.

Fyrsta skref fyrir Samtökin '78 væri að reyna að búa til vettvang fyrir eldra hinsegin fólk.

3. Hugmynd um starfsmannaviðtöl

Í áframhaldandi vinnu við að gera Samtökin '78 faglegri og að vinnuumhverfi verði gagnlegt fyrir alla var rætt um að festa fund formanns og varaformanns með framkvæmdastjóra a.m.k. einu sinni á ári. Einnig leggja áherslu á að framkvæmdastjóri haldi starfsmannaviðtal a.m.k. einu sinni á ári með starfsfólki.

Þorbjörgu falið að leita leiða til formestingar.

Einnig rætt um að stjórn og starfsfólk haldi sameiginlegan vinnudag í haust.

4. Hinsegin dagar: Þema fyrir gönguatriði

Hugmyndir að þema fyrir gleðigönguna ræddar.

Setja þarf af stað Facebook-hóp og auglýsa eftir fólki til að vera með í atriðinu og til að aðstoða við að setja upp. Ákveðið að sækja um styrk hjá Hinsegin dögum í Gleðigöngupottinn.

5. Áskorun til BNA varðandi PrEP

Rædd var hugmynd um að bregðast við stöðu mála varðandi aðgengi að PrEP í Bandaríkjunum. Rætt var um að taka þetta á næsta stig og skrifa grein í nafni stjórnar þar sem farið væri yfir það almennt hvernig málin standa fyrir hinsegin fólk í Bandaríkjunum.

Tækifæri fyrir alþjóðafulltrúa til að skrifa yfirlýsingu sem gæti orðið sameiginleg með systurfélögum okkar á norðurlöndunum.

6. Stonewalldagurinn - staðan

Staðan er góð og verið er að vinna hörðum höndum að því að gera viðburðinn flottan og góðan.

7. Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi - lokayfirferð

Stjórn las skjalið yfir.

8. Önnur mál

Kynrænt sjálfræði:

Nefndarálit á frumvarpinu hafa verið birt á heimasíðu Alþingis. Meirihlutaálitnið veldur miklum vonbrigðum. Opnað fyrir að halda stjórnarfund í næstu viku vegna málsins og kalla til fulltrúa frá Tí og Í í til að skoða aðgerðir vegna þessa.

Fundi slitið: 21.29